

Fréttabréf Kirkjuhvols

haustið 2022



Nú fer árið senn að enda og því tilvalið að kynna fyrir ykkur félags- og tómstundastarfi á Kirkjuhvoli haustið 2022.

Í grunninn byggir starfið á föstum liðum, svo sem leikfimi, spurningakeppni, og lestri, í bland við allskonar nýjungar og aðra viðburði.

Í haust varð sú breyting að lítill hópur starfsfólks úr aðhlyningu tók að sér skipulagningu dagskrá hvers mánaðar. Framkvæmd tómstunda er síðan skipt á meðal starfsfólks, en með þessari aðferð er lagt upp úr því að fleiri fái tækifæri til þess að spreyta sig og öðlast fjölbreyttari reynslu.

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
			1 Leikfimi	2 Skreyta piparkökur
5 Lestur	6 Syngjandi Sex	7 Ísólfur Gylfi Skemmtir	8 Leikfimi	9 Jólafondur
12 Lestur	13 Boccia	14 Smákökubakstur	15 Jólatónleikar Kirkjuhvols	16 Jólafondur
19 Lestur	20 Jólabingó	21 Jólasöngstund	22 Leikfimi	23 Jólabíó
26 Annar í jólum	27 Jólaspurninga keppni	28 Jólasöngstund	29 Leikfimi	30 Gamlárs bíó

Birt með fyrirvara um breytingar

Tómstundadagskrá fyrir desembermánuð

Við á Kirkjuhvoli erum búin að vera einstaklega heppin í vetur með alla þá viðburði sem okkur hefur verið boðið upp á. Til að mynda buðu mæðgurnar Ingibjörg Jónsdóttir og Pálína Lárusdóttir (Palla) íbúum uppá tónleika með Kristni Inga frá Hellu. Auk þess hafa leikskólabörn á elsta stigi komið í heimsóknir nú á aðventunni, Tónlistarskóli Rangæinga haldið tónleika svo fátt eitt sé nefnt.



Kristinn Ingi spilar fyrir íbúa

Starfsfólk Kirkjuhvols hefur verið duglegt að koma með hugmyndir af afþreyingu í tómstundum. Til að mynda var hrekkjavakan kynnt. Haldið stutt fræðsluerindi, grasker skorin út og sýnd tíu bestu hryllingsatriði kvikmyndasögunnar.



Litli kall og Charlotte Guðlaugsson bíða spenn



Mikill metnaður við störf



Hildur Árdís Eyjólfsdóttir sýnir graskerið


Hinn árlegi Dekurdagur var haldinn um miðjan nóvember. Boðið var upp á dekur og snyrtingu. Skemmtiatriðið í ár var ekki af verri endanum en hljómsveitin Vinir Jenna sáu um að halda uppi stuðinu. Við á Kirkjuhvoli viljum þakka þeim kærlega fyrir það.



Ruth Elsa María Þorsteinsdóttir að njóta sín.



Brynhildur Sigurðardóttir í dekri hjá Elísabetu Rut og Sigrún Elvu



Hárið gert uppá 10!



Kristjana Margrét Óskarsdóttir og Björgvin Pálsson

Þann 15. Desember síðast liðinn, voru haldnir Jólatónleikar Kirkjuhvols í annað sinn. Fram kom úrvals lið einsöngvara og kórs úr starfshópi Kirkjuhvols. Ingibjörg Erlingsdóttir sá um undirspil. Tónleikarnir heppnuðust afar vel.

Hér hefur verið farið yfir einungis brot af því dásamlega starfi sem fram hefur farið á liðnu hausti. Kirkjuhvoll þakkar sérstaklega þeim Ingibjörgu Marmundsdóttir og sr. Sigríði Kristínu Helgadóttur fyrir sinn þátt í tómstundastarfinu. Auk þess á starfsfólkið sjálft skilið hrós og allir þeir sem hafa lagt sitt af mörkum til þess að skapa skemmtilegar minningar. Án allra þeirra væri ekki hægt að halda uppi svona góðu starfi. Það er okkur ljóst hér á Kirkjuhvoli að

við búum í sterku og samrýmdu samfélagi. Við förum því full tilhlökkunar inn í nýárið og hlökkum til þess að gera 2023 enn skemmtilegra.



Árið hefur svo sannarlega verið skemmtilegt og bíðum við spennt eftir að hjóla inn í nýárið fullt af gleði eins og þeir félagarnir Guðmundur Hermann Óskarsson og Ólafur Ólafsson.

Myndaveisla frá liðnu hausti



Karíókí- og Sherry kvöld í boði Guðna Steinarrs Guðjónssonar og Sylvíu Sigurðardóttur



Mæðginin Andrea Guðlaugsdóttir og Eyþór Fannar Stefánsson ásamt Sesselíu ósk Gísladóttir fylgjast spennt með hrekkjavöku fyrirlestrinum



Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir og Sjöfn Guðjónsdóttir með litla kall



Lea Birna Lárusdóttir og Hildur Árdís Eyjólfsdóttir umsjónarmenn hrekkjavökunnar



Hjördís Halldórsdóttir í greiðslu hjá Særúnu Steinunni Bragadóttur



Sigríður mætt í förðun til Sylvíu



Allir í dekri



Lilja á góðri stund ásamt mæðginunum Særúnu og Guðna